

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 27. febrúar 2020
UST202002-212/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Deiliskipulag - Svínhagi 3 í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga 3 í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að reisa á svæðinu 200 m² íbúðarhús/bílskúr og 250 m² skemmu/fjárhús í einni til fjórum byggingum á 16 ha landi.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að austan svæðis er Hekluhraun sem er meira en 4300 ára gamalt sem nýtur sérstakrar verndar skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð lýsingar kemur einnig fram að svæðið er að mestu með rýru gróðurlendi og litlum landhalla.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd segir að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar,

svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.


Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask jarðminjanna sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á jarðminjum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að framkvæmdarsvæðið ná til hraunasvæði sem hafa misst verndargildi sitt og jarðminjum verði hlíft.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur